



Ársskýrsla 2012



Heimasíða www.heilbrigdiseftirlitid.is

Austurvegi 65 – 800 Selfoss

Strandvegi 50 – 900 Vestmannaeyjar

Sími 480-8250, 481-2622 Netfang hs@sudurland.is

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
2.	Hlutverk og uppbygging	3
3.	Starfsemi	6
	Reglubundið eftirlit	6
	Innra starf og einstök mál	7
	Samstarf	7
	Matvælastofnun	7
	Umhverfisstofnun	7
4.	Sýnataka og niðurstöður	9
5.	Hollustuhættir	12
	Veggjalús	12
	Skoðunarhandbók	13
6.	Matvæli	14
	Framsal eftirlits	15
	Innra eftirlit	15
	ESA úttektir	16
7.	Umhverfis- og mengunarvarnir	17
	Yfirlit um fráveitumál á Suðurlandi 2012	17
	Niðurstöður loftgæðamælinga	18
8.	Fjármál og rekstur	21
9.	Lokaorð	23

Myndir

Mynd 1	Tengsl heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga	4
Mynd 2	Hlutverk Heilbrigðiseftirlits Suðurlands	5
Mynd 3	Veggjalús	12
Mynd 4	Leikvallatæki	13
Mynd 5	Borhola	14
Mynd 6	Dæmi um fyrirmyndar handlaug	15
Mynd 7	Grænmeti	15
Mynd 8	Dæmi um merki matvælaumbúða	16
Mynd 9	Vatnið í Ytri Rangá	18
Mynd 10	Hreinsibúnaður fráveitu	18

Töflur

Tafla 2	Breyting á fjölda eftirlitsskyldra aðila	6
Tafla 1	Fjöldi fyrirtækja eftir sviðum, frá 2005 til 2012	6
Tafla 3	Samanburður niðurstaðna milli ára	9
Tafla 4	Niðurstöður sýna eftir flokkun	9
Tafla 5	Niðurstöður milli ára í %	10
Tafla 6	Sýnir Heildarniðurstöður í %	11
Tafla 7	Sýnir niðurstöður baðvatns í %	10
Tafla 8 og Tafla 9	Niðurstöður íssýnatöku	11
Tafla 10	Sýnir niðurstöður fyrir neysluvatn í %	11
Tafla 11	H ₂ S klukkustundameðaltal í Norðlingaholti og Hveragerði	20
Tafla 12	H ₂ S meðaltalsgildi á sólarhring í ár	20
Tafla 13	Skipting tekjuliða	21
Tafla 14	Velta milli ára	22
Tafla 15	Kökurit með kostnaðarliðum	22

1. Inngangur

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu verkefnum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á árinu 2012 og nær hún yfir tímabilið 1. janúar 2012 til 31. desember 2012.

Eins og í fyrri ársskýrslum er í einstaka köflum skýrslunnar farið nánar í verkefnin, sýnatökum gerð skil og tölfræðilegar upplýsingar settar fram.

Í **2. kafla** er hlutverki og uppbyggingu heilbrigðiseftirlits á Íslandi lýst auk upplýsinga um Heilbrigðisnefnd Suðurlands og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

3. kafli tekur á tölfræðilegum upplýsingum, eins og fjölda eftirlitsskyldra aðila, mála og þróun. Jafnframt er farið yfir einstök mál á árinu og samstarf út á við.

Í **4. kaflanum** er að finna tölfræðilegar upplýsingar um niðurstöður mælinga og sýnatökur.

Í **5., 6. og 7. kafla** er svo farið sérstaklega yfir helstu málaflokka Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, þ.e. hollustuhátta-, matvæla- og umhverfis og mengunarvarnamálefni.

Í **8. kafla** er stuttlega farið yfir fjármál og rekstur en ársreikningar og fjárhagsáætlanir fylgja alltaf með í aðalfundargögnum.

Markmið skýrslunnar er að gera öllum, sem vilja átta sig á uppbyggingu, umfangi og starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, kleift að nálgast helstu upplýsingarnar á einum stað, þ.e. í ársskýrslunni.



2. Hlutverk og uppbygging

Eitt af lögbundnu verkefnum sveitarfélaga er að starfrækja heilbrigðiseftirlit og bera ábyrgð á rekstri þess. Heilbrigðiseftirlit er rekið af sveitarfélögum skv. lögum nr. 7/1998 m.s.br. um hollustuhætti og mengunarvarnir og skiptist landið í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi voru stofnuð árið 2000 og er megintilgangur þeirra að vera málsvari og samráðs- og samstarfsvettvangur þeirra 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfa á vegum sveitarfélaga á Íslandi. Samtökin eru skipuð framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæðanna og formönnum heilbrigðisnefnda á landinu öllu.

Uppbygging heilbrigðisnefnda er bundin í ofangreind lög og skal skipað í hana eftir sveitarstjórnarkosningar hverju sinni og skal hún starfa út kjörtímabilið. Í hverri nefnd eiga sæti 5 fulltrúar auk fulltrúa atvinnurekenda. Yfirlæknir heilsugæslu, skipaður af Landlækni viðkomandi svæðis starfar einnig með nefndinni. Yfirstjórn eftirlitsins er í höndum heilbrigðisnefndar en heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisfulltrúar starfa í umboði nefndarinnar.

Á aðalfundi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 2010 var kosið í nýja heilbrigðisnefnd fyrir kjörtímabilið 2010-2014 og er hún skipuð eftirfarandi aðilum:

Gunnar Þorkelsson, form	880 Kirkjubæjarklaustur
varam. Eydís Indriðadóttir	851 Hella
Svanborg Egilsdóttir	800 Selfoss
varam. Ólafur Hafsteinn Jónsson	800 Selfoss
Páll Stefánsson	801 Selfoss
varam. Elínborg Ólafsdóttir	810 Hveragerði
Unnsteinn Eggertsson	845 Flúðir
varam. Jóhannes Sveinbjörnsson	801 Selfoss
Valur Bogason	900 Vestmannaeyjar
varam. Sigurhanna Friðþórsdóttir	900 Vestmanneyjum
Fulltrúi atvinnulífsins:	
Guðmundur Geir Gunnarsson	800 Selfoss
varam. Oddur Árnason	861 Hvolsvöllur
Fulltrúi Landlæknis:	
Pétur Skarphéðinsson	Laugarási, 801 Selfoss

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fundar á 4-8 vikna fresti, eftir þörfum og fyrirbyggjandi málum hverju sinni. Heilbrigðisnefnd Suðurlands hélt á árinu 2012 eftirtalda fundi:

Fundur nr.	dags.
138	20. janúar
139	24. febrúar
140	9. mars
141	26. apríl
142	1. júní
143	31. ágúst
144	26. september
145	18. október
146	23. nóvember

Nýr starfsmaður, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, kom til starfa en aðrar breytingar á starfsmannahaldi hafa verið mjög litlar. Kom Stella Hrönn í heilt stöðugildi en heimild fékkst til aukningar um ½ stöðugildi en á móti hafði Birgir lækkað starfshlutfall sitt um helming.

Sex starfsmenn eru hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í fimm og hálfu stöðugildi. Þeir eru eftirfarandi:

Elsa Ingjaldsdóttir, framkvæmdastjóri, starfsaldur 18 ár

Birgir Þórðarson, heilbrigðisfulltrúi, umhverfis- og mengunarvarnasvið, starfsaldur 19 ár

Sigrún Guðmundsdóttir, heilbrigðisfulltrúi, matvælasvið, starfsaldur 10 ár


Áslaug Rut Áslaugsdóttir, heilbrigðisfulltrúi Vm., starfsaldur 9 ár

María Berg Guðnadóttir, heilbrigðisfulltrúi, hollustuháttasvið, 7 ár

Stella Hrönn Jóhannsdóttir, hóf störf 2012

Ekki var ráðið í sumarafleysingar fyrir sumarið 2012.

Myndin hér til hliðar sýnir tengsl ofangreindra aðila varðandi heilbrigðiseftirlit. Heilbrigðiseftirlitið er þó alfarið á ábyrgð sveitarfélaga, bæði rekstrar- og stjórnsýslulega. Aðkoma ríkisins gegnum tvö ráðuneyti og tvær ríkisstofnanir er sýnd með punktalínu þar sem ekki er um eiginlega valdboðun heldur stjórnun í gegnum laga- og reglugerðarsetningu og samræmingarhlutverks um framkvæmd eftirlits á landsvísi.



Mynd 1 – Tengsl heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

Hér að neðan er samantekt yfir helstu verkefni Heilbrigðiseftirlit Suðurlands:

- Eftirlit og leyfisveitingar
- Umsagnir v/skipulagsmála, veitinga- og gistileyfa sýslumanna, umhverfismats o.fl.
- Sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvælum og umhverfi
- Vöktun loftgæða og önnur umhverfisvöktun
- Fræðsla og þjónusta til starfsleyfisskyldra aðila og almennings
- Skráning á framkvæmd eftirlits og niðurstöðum mælinga

Umsagnir af ýmsu tagi er einnig drjúgur hluti daglegra starfa og getur vinna við gerð einstakra umsagna, sérstaklega er varðar umhverfismál og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, verið mikill og tímafrek.

Aðalmarkmið Heilbrigðiseftirlits Suðurlands ár hvert er þó fyrst og fremst að sinna því reglubundna eftirliti sem fyrir liggur á árinu.

Hlutverk Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Að fylgja gildandi lögum um hollustuhætti, matvæli, mengunarvarnir og umhverfismál sem varða starfsemina, sem og reglugerðir settar samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum og reglum sem heilbrigðiseftirliti er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á.

Að sjá til þess með reglubundnu eftirliti að eftirlitsskyldir aðilar uppfylli kröfur sem gerðar eru til þeirra. Einnig að hafa eftirlit með umhverfi og öðrum þeim þáttum sem ekki eru eftirlitsskyldir en falla undir lög og reglugerðir sem heilbrigðiseftirliti er ætlað að framfylgja.

Mynd 2 – Hlutverk Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

3. Starfsemi


Reglubundið eftirlit

Á árinu 2012 var fjöldi eftirlitsskyldra aðila 1251 og eftirlitsferðir vegna þeirra, skv. eftirlitsáætlun 690. Til viðbótar eru svo ferðir vegna tilfallandi eftirlits, eftirfylgni vegna athugasemda, kvartana og þess háttar. Fjöldi eftirlitferða getur verið nokkuð mismunandi milli ára og ræðst það helst af ákvörðun um fjölda heimsókna sem hvert fyrirtæki á að fá. Tíðnin getur þannig verið einu sinni á fjögura ára fresti upp í heimsóknir annan hvern mánuð.


Í árlegri eftirlitsáætlun, sem lögð er fram á fundi heilbrigðisnefndar í upphafi hvers árs, er þannig að finna fjölda heimsókna sem markmiðið er að sinna á árinu. Í upphafi hvers ár liggja því fyrir skilgreint meginmarkmið sem vinna á út frá, auk undirmarkmiða á hvern málaflokk.

Megináherslan er, og verður, að sinna reglubundnu eftirliti í fyrirtækjum sem eiga að fá slíkt.

Tafla 1 sýnir fjölda fyrirtækja eftir sviðum, frá 2005 til 2012



Tafla 2 sýnir breytingu á fjölda eftirlitsskyldra aðila með starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands



Innra starf og einstök mál

Í apríl flutti Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í nýtt húsnæði að Austurvegi 65, Selfossi, en verulega hafði þrengt að allri starfsemi í húsnæði SASS að Austurvegi 56, Selfossi. Hið nýja húsnæði er bæði rúmgott og bjart og voru starfsmenn ánægðir með hið nýja vinnuumhverfi sem efldi jafnframt liðsheildina.

Á árinu kærði Heilbrigðiseftirlit Suðurlands eitt mál til Lögreglu. Það varðaði rekstur á starfsleyfislausum baðstað. Enn hafa ekki borist svör við kærinni frá Lögreglu.

Heimasíða Heilbrigðiseftirlitsins fór í gegnum nokkrar betrubætur á árinu en bætt var við möguleikum á rafrænum ábendingum/kvörtunum og skýrsluskilaformi til meindýravarnaeyða.

Nú eiga allar kvartanir að fara í gegnum skráningu á netinu. Ábendingar sem berast með öðrum hætti fara því ekki sömu úrvinnsluleið og móttaka kvartana.

Með því að gera meindýraeyðum kleift að skila skýrslum um unnin verk, rafrænu formi á netinu, gerði það að verkum að lögbundnar skráningar þeirra löguðust til muna. Er það okkar mat að bæði við og meindýraeyðar séu ánægðir með hið nýja fyrirkomulag.

Rafræn stjórnsýsla er því smá saman að auka hlutdeild sína en á vefnum www.island.is er nú einnig hægt að sækja rafrænt um starfsleyfi, og önnur leyfi sem viðkomandi starfsemi þarf. Betur er samt hægt að gera og mun Heilbrigðiseftirlit Suðurlands halda áfram að bæta heimasíðu sína fyrir notendur og almenning.

Samstarf

Samstarfsstofnanir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands út á við eru fyrst og fremst önnur heilbrigðiseftirlits-svæði, Umhverfisstofnun, Matvælastofnun og embætti skipulags- og byggingarfulltrúa og sýslumanna á svæðinu.

Matvælastofnun

Matvælahópurinn, samanstandur af fulltrúum frá Matvælastofnun og heilbrigðisfulltrúum. Hópurinn fundaði fimm sinnum yfir árið. Þrjú eftirlitsverkefni voru á árinu: rekjanleiki matvara, sjálfsafgreiðslubarir og innra eftirlit, stuðst er við gátlista þegar verkefnin eru gerð. Eftirlitsverkefnin eru gerð um leið og heilbrigðisfulltrúar eru í eftirliti hjá viðkomandi fyrirtæki. Niðurstöður eftirlitsverkefnanna má finna á heimasíðu Matvælastofnunar www.mast.is

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands var jafnframt virkur þátttakandi í vinnuhóp vegna vinnu við áhættumat matvælafyrirtækja og heldur sú vinna áfram árið 2013.

Umhverfisstofnun

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er virkur þátttakandi í samræmingarhópum á sviðum efnavöru eftirlits, umhverfis- og mengunarháttanna og hollustuhátta sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með. Á slíkum

fundum eru nýjungar/breytingar á löggjöf/reglugerðum kynntar og eftirlit samræmt betur á landsvísu, sem og tilfallandi mál rædd hverju sinni.

Efnavörðugurinn fundaði nokkrum sinnum yfir árið. Nýja efnavaralöggjöfin var aðalmálefni margra funda sem og eftirlit. Á vef Umhverfisstofnunar er lokað svæði fyrir heilbrigðisfulltrúa til að skila inn niðurstöðum eftirlits á efnavörum og um leið geta fulltrúar fylgst með vanmerktum vörum efnavörum á landsvísu. Ekkert eftirlitsverkefni var vegna óvissu í eftirliti vegna nýrrar löggjafar.

Umhverfis- og mengunarvarnaráhópurinn fundar að mánaðarlega yfir vetratímann. Eftirlitsverkefni hópsins 2012 voru olúgildir og hófst vinna við eftirlitið í framhaldi af haustfundi umhverfisgæðahópsins á Akureyri, en áhersla var lögð á olúgildur og farið í eftirlit til fyrirtækja því tengdu.


Hollustuháttahópurinn fundar að jafnaði mánaðarlega yfir vetratímann og eru flestir þátttakendur með í gegnum síma. Vegna fjárskorts hjá Umhverfisstofnun var ekkert sameiginlegt eftirlitsverkefni lík og undangengin ár.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands var gestgjafi haustfundar á sviði hollustuhátta að þessu sinni. Mættu heilbrigðisfulltrúar frá flestum heilbrigðiseftirlitssvæðum og starfsfólk frá Umhverfisstofnun á fundinn sem haldinn var í Vestmannaeyja. Áhersla á fundinum voru sundlaugar, leikskólar, skólar og útileiksvæði og voru fyrirtæki í þeim flokkum heimsótt, bæði á landi og í Eyjum.

4. Sýnataka og niðurstöður

Árið 2012 voru 288 sýni tekin í eftirlitsferðum Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sem er svipaður fjöldi og meðalfjöldi sýnataka undanfarinna ára (eða 279 á síðastliðnum 5 árum). Sýnatökur eru hluti af daglegum störfum heilbrigðisfulltrúa og eru langflestar teknar í reglubundu eftirliti, standist sýni ekki þær gæðakröfur sem til þeirra eru gerðar er málinu fylgt eftir með eftirfylgni og endurtekningu á sýnatöku.

Tafla 3 – Samanburður niðurstaðna milli ára



Tafla 4 – Niðurstöður sýna eftir flokkun

Flokkur	Ekki metið	Fullnægjandi	Ófullnægjandi	Samtals
Neysluvatn	2	122	22	146
Baðvatn	3	64	17	84
Fráveita	30	-	-	30
Ís úr vél	1	13	9	23
Vinnsluvatn	1	-	-	1
Önnur matvara	3	1	-	4
Samtals	40	200	48	288


Tafla nr. 4 sýnir hvernig niðurstöður koma út á milli mismunandi flokka. Í töflu nr. 5 má síðan sjá heildarsamanburð niðurstaðna milli ára í prósentum.

Tafla 5 – Niðurstöður milli ára í %


Ár	Ekki metið	Fullnægjandi	Ófullnægjandi
Árið 2005	17,3	60,1	22,6
Árið 2006	2,5	74,1	23,5
Árið 2007	2,8	72,8	24,4
Árið 2008	7,8	75,9	16,3
Árið 2009	12,1	65,2	22,7
Árið 2010	5,9	75,0	19,1
Árið 2011	22,8	61,4	15,8
Árið 2012	13,9	69,4	16,7

Kökuritín hér á eftir sýna hlutfallsega skiptingu niðurstaðna í mismunandi flokkum.


Tafla 6 sýnir heildarniðurstöður í %




Tafla 7 sýnir niðurstöður baðvatns í %



Tafla 8 og Tafla 9 Kðkuritið hér til vinstri sýnir túlkun niðurstaðna eftir viðmiðunarreglum en kðkuritið hér til hægri sýnir túlkun niðurstaðna eftir reglugerð nr. 135/2010 um framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli.



Tafla 10 sýnir niðurstöður fyrir neysluvatn í %



5. Hollustuhættir

Fyrirtæki í flokki hollustuhátta eru m.a. gististaðir, menntastofnanir, snyrtistofur og skyld starfsemi, samkomustaðir, heilbrigðis- og meðferðastofnanir, íþróttamannvirki, sundlaugar, tjaldsvæði, opin leiksvæði o.fl. Auk þess er tilfallandi eftirlit eins og húsnæðisúttektir og skipaskoðnir. Eftirlitið árið 2012 gekk með svipuðu sniði og undangengin ár.

Það sem stóð upp úr á sviði hollustuhátta á árinu varðandi eftirlit, var aukin fjöldi tilkynninga um þvingunaraðgerðir vegna margítrekaðra athugasemda og krafna um úrbætur hjá fyrirtækjum.

Veggjalús

Árið 2012 bárust embættinu nokkrar tilkynningar um veggjalús (*Cimex lectularius*, e. bed bugs). Nokkuð hefur verið um það á undanföllum árum að slík tilfelli komi upp, ýmist hefur rekstaraðili viðkomandi gististaðar látið embættið vita eða það fengið vitneskju um hana vegna ábendinga/kvartana viðskiptavina gististaðarins. Þegar veggjalús finnast á gististöðum eru afnot af viðkomandi herbergjum/gistiskála bönnuð af embættinu þar til staðfest hefur verið af meindýraeyði að búið sé að uppræta vandann. Tilkynningum slíkra tilfella hefur fjölgað, sem má að hluta rekja til aukinnar vitundarvakninga meðal fólks um þessa vá.

„Veggjalús lifir hér eingöngu í upphituðu þurru húsnæði. Hún nærast alfarið á blóði sem hún sýgur úr fórnarlömbum sínum sem oftast eru ekki eru mannfólkið. Þegar hungur sverfur að skríða lýsnar fram úr fylgsnum sínum sem oftast eru í námunda við svefnstaði, í sprungum og glufum í tréverki, niður með rúmdýnum, í fellingum með saumum, undir gólflistum, í rafmagnsdósum, á bak við myndir og annað sem hangir á veggjum, laust veggfóður eða glufóttan panel; í stuttu máli hvarvetna þar sem felustaði er að finna.“¹

Vegna þessara felustaða er oft erfitt að uppræta veggjalúsina. Rafmagnsdósir, ljós, gólf- og loftalistar o.fl. er tekið niður þegar eitruð er fyrir henni. Einnig er hægt að nota fljótandi köfunarefni til að frysta hluti inn í herbergjum. Þar sem hún finnst á að henda rúmdýnum og ganga frá þeim þannig að þær séu ónýtar (skera í þær) til að koma í veg fyrir að einhver annar fari að nota þær. Æskilegt er að tilkynna



Mynd 3 Veggjalús²

flutningsaðila og móttökuaðila sorps hvers eðlis

¹ <http://www.ni.is/poddur/hus/poddur/nr/974>

² http://en.wikipedia.org/wiki/File:Bed_bug,_Cimex_lectularius.jpg

hlutirnir eru til að forðast að aðrir fari að nota hluti þar sem veggjalús hefur verið. Nánari upplýsingar um veggjalús má finna á vef Umhverfisstofnunar <http://ust.is/atvinnulif/hollustuhaettir/husnaedi/>

Árið 2012 var gerð breyting á reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum á árinu. Helstu breytingarnar voru:

- Áhættumat skal liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2014.
- Merkingar skulu vera að fullu í samræmi við reglugerðina og starfsleyfi eigi síðar en 1. júlí 2013.
- Nánari útlistun á aldursákvæði.
- Breyting á kröfu um fjölda laugarvarða að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.
- Skylda gesta að hlýða fyrirmælum starfsmanna sundsstaða og laugarverði heimilt að vísa gesti úr laug telji vörðurinn það nauðsynlegt til að tryggja öryggi á sundsstað.
- Ítarlegar kröfur um hæfnispróf starfsmanna sund- og baðsstaða.

Nálgast má breytinguna á reglugerðinni í heild sinni á www.reglugerd.is

Umhverfisstofnun gaf í framhaldi út handbókina *Sund- og baðsstaðir, handbók*, sem einungis verður gefin út rafrænt til að byrja með, þrátt fyrir ítrekanir heilbrigðisfulltrúa um mikilvægi þess að handbókin sé prentuð út. Með rafrænum útgáfum bæklinga/handbóka eiga þeir að vera meira lifandi plagg sem sífellt er hægt að uppfæra og breyta og því þurfa rekstaraðilar að fylgjast með þeim á netinu, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands mun eftir bestu getu senda tilkynningar í tölvupósti þess efnis til sund- og baðsstaða taki þeir breytingum.

Í framhaldi af breytingu á reglugerðinni vinnur Umhverfisstofnun að handbók um áhættumat sund- og baðsstaða sem til stendur að gefa út árið 2013. Sund- og baðsstaðir eiga að geta stuðst við þá bók við gerð áhættumats eigin sundlaugar.

Skoðunarhandbók

Umhverfisstofnun gaf líka út *Leikvallatæki, skoðunarhandbók* sem tryggja á gagnsæja og faglega skoðun á leiktækjum. Skoðunarhandbókin er mjög gangleg fyrir þá sem hafa með skoðanir og umsjón leiktækja á opnum leiksvæðum að gera. Bókin verður einungis gefin út rafrænt og má nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is



Mynd 4 Leikvallatæki sem uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til leiktækja á almennings leiksvæðum.

6. Matvæli

Matvælafyrirtæki eru samkvæmt skilgreiningu fyrirtæki eins og vatnsveitur, garðyrkjustöðvar með pökkun, mótuneyti, matvöruverslanir, söluturnar og veitingastaðir. Ef allt er talið eru matvælafyrirtæki hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands um 760, en mörg þeirra einnig á hollustuhátta- eða mengunarvarnasviði líka s.s. mótuneyti í skólum og leikskólum og veitingastaðir á bensínstöðvum, svo fátt eitt sé talið. Meginverkefnið eru beint eftirlit með þessum fyrirtækjum með tilheyrandi sýnatöku á neysluvatni og matvælum ásamt fræðslu um hvaðeina sem snýr að hollustuháttum í starfsemi matvælafyrirtækja. Fjöldi vatnsveitna með starfsleyfi er 138 og eru þá einkavatsnból vegna matvælaframleiðslu meðtalin. Öll sveitarfélög á Suðurlandi sem reka vatnsveitur á svæðinu eru nú með starfsleyfi, en nokkuð vantar enn upp á að virku innra eftirliti hafi verið komið á. Sem dæmi er kortlagning lagna hluti af innra eftirliti. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur bent sveitarfélögum á skyldur sínar varðandi neysluvatn og ítrekað nauðsyn þess að tryggja notendum öruggt og heilnæmt neysluvatn og uppfylla kröfur í reglugerðum sem nær til málaflokksins.

Merkingar matvæla eru hluti af matvælaeftirliti, bæði með framleiðslufyrirtækjum og matvörum á markaði.

Íslenska matvælalöggjöfinni, sem byggir á reglugerðum Evrópusambandsins, þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð stjórnenda matvælafyrirtækja að sýna eftirlitsaðila fram á að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir í fyrirtækinu. Sem og skyldur þeirra til að koma á og innleiða innra eftirlit í sínu fyrirtæki.



Mynd 5 Borhola

Framsal eftirlits

Framsal eftirlits milli eftirlitsaðila var leyft með breytingu á lögum nr. 93/1995 um matvæli árið 2010. Á þeim grunni var framselt eftirlit með 7 fyrirtækjum frá Matvælastofnum til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Með breytingu á löggjöfinni á árinu 2012 var slíku framsali sagt upp og eru engir slíkir samningar í gildi frá því í lok árs 2012. Er það á grundvelli *reglugerðar nr. 580/2012 um framleiðslu og markaðssetningu aðila undir smáræðismörkum á matvælum og afhendingu frumframleiðenda á litlu magni matvæla beint til*



Mynd 6 Dæmi um fyrirmyndar handlaug

neytenda og staðbundinna smásölufyrirtækja. Sum þessara fyrirtækja voru áfram undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á grundvelli þessarar reglugerðar, en önnur voru flutt undir eftirlit Matvælastofnunar. Þessi sama reglugerð fjallar einnig um smáræðisframleiðslu matvæla sem er ekki í eigin hagnaðarskyni, eins og kökubasara, þar sem ágóði fer til líknarmála og kirkjukaffi svo eitthvað sé nefnt, en leiðbeiningar voru gefnar út sem má nálgast á heimasíðu Matvælastofnunar.

Innra eftirlit

Innra eftirlit matvælafyrirtækja skal vera byggt á grunnreglum HACCP. Umfang skal vera í samræmi við stærð og eðli hvernar starfsemi fyrir sig. Leiðbeiningar til að setja á fót og innleiða innra eftirlit er




Mynd 7 Grænmeti

að finna á heimasíðu Matvælastofnunar ásamt sýnishorni af innra eftirliti sem lítil matvælafyrirtæki geta hlaðið niður og aðlagð sinni starfsemi <http://mast.is/matvaelastofnun/innra-eftirlit/>. Flóknari fyrirtækjum er bent á að leita sér aðstoðar hjá fagaðilum. Samtök starfsgreina hver á sínu sviði hafa verið hvött til að koma upp handbókum um innra eftirlit til að auðvelda fyrirtækjum slíka innleiðingu líkt og gert hefur verið í nágrannalöndum okkar.

ESA úttektir

ESA úttektir eru yfirleitt 2-4 á landsvísu en Heilbrigðiseftirlit Suðurlands var í einu slíku úrtaki á árinu 2012, um umbúðir matvæla. Kröfur eru til fyrirtækja sem pakka matvælum að geta sýnt fram á að umbúðir sem snerta matvælin séu ætluð fyrir slík matvæli og bera slíkar umbúðir oft merkið glas og gaffall.



Mynd 8 Dæmi um merki
matvælaumbúða

7. Umhverfis- og mengunarvarnir


Undir umhverfis- og mengunarvarnir fellur eftirlit og starfsleyfagerð vegna starfsemi t.d. verkstæða, bensín- og olíuafgreiðslustöðva, gámastöðva, margvíslegra framleiðslustaða, fiskvinnsla, sláturhúsa, hreinsistöðva fráveitumannvirkja, vatnsafls- og varmavirkjana o.fl. auk hins almenna umhverfiseftirlits og umsagna um margvíslega þætti m.a. skipulagsmál og umhverfismat vegna framkvæmda.

Eftirlitsskyldir aðilar á umhverfis- og mengunarvarnasviði voru 322 árið 2012 og hefur því fjölgað um 28 milli ára.

Helstu laga- og reglugerðapættir sem þessu starfi fylgja eru lög nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, svo eitthvað sé nefnt.

Yfirlit um fráveitumál á Suðurlandi 2012

Á undanförunum árum hefur verið unnið að úrbótum í fráveitumálum í öllum sveitarfélögum Suðurlands; Í dreifbýlissveitarfélögum var gert verulegt átak á árunum 1993 – 2000 með verkefninu „Hreint Suðurland“ og má segja að í öllum sveitarfélögum hafi verið komið á tveggja þrepa hreinsun með rotþró og siturlögn. Flest sveitarfélög hafa komið á reglubundnum tæmingum þessara hreinsivirkja. Í þéttbýlinu hefur einnig víða verið unnið að úrbótastarfi. Við Borg í Grímsnesi, á Flúðum, við Laugarvatn og á Hvolsvelli hefur verið komið upp lífrænum hreinsivirkjum og unnið er að úrbótaáætlun fyrir Þorlákshöfn og Selfoss. Nýjasta framkvæmdin á árinu 2012 er á Hellu. Sameinaðar voru átta útrásir, sem losuðu skólp í Ytri Rangá. Nú er ein safnlögn og ein útrás auk miðlunartanks og fyrsta stigs hreinsun með síufæribandi. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vinnur nú tillögu um þynningarsvæði fyrir fráveituna í ánni; þ.e. utan þynningarsvæðisins skulu vera ákveðin vatnsgæði, sem skaða ekki náttúru og vistkerfi.



Mynd 9 Vatnið í Ytri Rangá er sérlega tært og hreint, enda er áin falleg lindá, auk þess að vera vinsæl laxveiði á.



Mynd 10 Hreinsibúnaður fráveitunnar er snyrtilegur og fer ekki mikið fyrir honum, tölvan stjórnar innrennsli og losun, skráir rennsli og hitastig auk þess að hringja í umsjónarmann, ef eitthvað skildi bjáta á.

Niðurstöður loftgæðamælinga

Árið 2012 hafði Heilbrigðiseftirlit Suðurlands eftirlit með loftgæðamælingum í Hveragerði og Norðlingaholti vegna útblásturs brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun. Mælistöðvar eru staðsettar í Norðlingaholti, í Hveragerði og á Hellisheiði, en á haustdögum var einnig settur upp mælir við Nesjavallavirkjun. Fyrri hluta árs voru mælistöðvarnar í umsjón Nortek en í júní tók Vista yfir umsjón þeirra. Á sama tíma var unnið að því að bæta aðgengi almennings að loftgæðamælingum í rauntíma. Á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands www.heilbrigdiseftirlitid.is má finna krækju á gagnavef Vista sem hýsir gagnagrunn loftgæðamælinganna. Þar má nálgast mælingar í rauntíma sem og mælingar lengra aftur í tímann, bæði í línuritum og í töflu.

Líkt og á árinu 2011 gekk erfiðlega að koma í veg fyrir rek á mælum vegna tíðra og oft langvarandi bilana. T.d. vantar allar mælingar frá Hveragerði fyrir tímabilið 12. maí til 31. ágúst og allar mælingar


frá Norðlingaholti fyrir tímabilið 9. maí til 18. júlí. Mæligögn eru því ekki samfelld yfir árið auk þess sem miklar leiðréttingar þurfti að gera á gagnasafninu m.a. vegna misræmis á milli stillinga á mælisviði og stillinga á aflestri, reks á grunnlínu, kvörðunar mælitækja og annarra utan að komandi þátta. Mæligögn ársins 2012 eru því ekki nægjanlega áreiðanleg til að geta dregið af þeim einhverjar ályktanir.

Helstu niðurstöður loftgæðamælinga ársins 2013 eru eftirfarandi:


- Skv. reglugerð nr. 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti er leyfilegt ársmeðaltal brennisteinsvetnis í andrúmslofti $5 \mu\text{g}/\text{m}^3$. Í Hveragerði reyndist ársmeðaltalið vera $6,14 \mu\text{g}/\text{m}^3$, sem er yfir leyfilegum mörkum. Í Norðlingaholti reyndist ársmeðaltalið hinsvegar rétt undir leyfilegum mörkum, eða $4,9 \mu\text{g}/\text{m}^3$.
- Skv. ofangreindri reglugerð er leyfilegt sólarhringsmeðaltal $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$. Má styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti fara 5 sinnum á ári yfir þau mörk. Það gerðist tvisvar á árinu; í Norðlingaholti þann 1. desember í tæpan sólarhring og í Hveragerði þann 18. desember í 15 klst.
- Skv. ofangreindri reglugerð ber að tilkynna almenningi með formlegum hætti fari styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti yfir $150 \mu\text{g}/\text{m}^3$ í þrjár klst. samfleytt. Slíkt gerðist ekki á árinu.
- Hæsta klukkustundarmeðaltal ársins mældist í Hveragerði þann 26. janúar, en það reyndist $317 \mu\text{g}/\text{m}^3$. Hæsta klukkustundarmeðaltal í Norðlingaholti reyndist $131 \mu\text{g}/\text{m}^3$ þann 30. nóvember.

Það skal tekið fram að ofangreind mörk gilda ekki innan þeirra svæða sem skilgreind eru sem iðnaðarsvæði samkvæmt gildandi skipulagi. Það þýðir að innan iðnaðarsvæðanna á Hellisheiði og Nesjavöllum er engin takmörk á leyfilegum styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

Tafla 11 Sýnir H₂S klukkustundameðaltal í Norðlingaholti og Hveragerði, árið 2012.



Tafla 12 H₂S meðaltalsgildi á sólarhring frá 1. janúar 2012 til 1. janúar 2013.



8. Fjármál og rekstur


Samkvæmt ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir árið 2012 kemur fram að reksturinn hafi verið í samræmi við fjárhagsáætlun og u.þ.b. 250 þús. kr. rekstarafgangur.

Hlutfallslegt framlag sveitarfélaga í rekstri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er 25% og hefur aldrei verið lægra. Framlag sveitarfélaga hefur farið lækkandi á undanförunum árum. Það var 47% af rekstartekjum embættisins fyrir tíu árum og á árinu 2010 var það komið í 36%.


Þess má geta að með setningu viðmiðunargjaldskrár Umhverfissráðuneytis á sínum tíma, var almennt talið eðlilegt að sveitarfélög bæru allt að 40% af rekstri heilbrigðiseftirlits með beinum framlögum.

Á neðangreindri töflu má sjá þróun á hlutfalli eftirlitsgjalda og framlaga sveitarfélaganna á ellefu ára tímabili. Tölur fyrir árið 2013 eru þó teknar úr fjárhagsáætlun. Punktar á línuritum vísa til þess að hækkun hefur verið gerð á annars vegar gjaldskrá og hins vegar framlagi sveitarfélaga. Á þessu tímabili hefur gjaldskrá verið hækkuð sjö sinnum en framlög sveitarfélaganna hafa verið hækkuð þrisvar. Á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands árið 2012 var jafnframt tekin ákvörðun um hækkun á gjaldskrá er það því sýnt með á neðangreindu línuriti.

Tafla 13 - Skipting tekjuliða




Tafla 14- Velta milli ára



Stærstu kostnaðarliðir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru launakostnaður upp á 72%, rekstrarkostnaður (að undanskildum bifreiða- tölvu-, húsnæðis- og rannsóknakostnaði) 8% og aðkeypt þjónusta er 7%. Húsnæðiskostnaður hefur lækkað verulega samhliða því sem aðkeypt þjónusta hefur aukist en við flutninga úr húsnæði SASS féll húsaleiga niður en að sama skapi var áfram keypt þjónusta frá SASS við bókhald og símsvörun.

Á kökuritinu hér að neðan má sjá frekari skiptinu kostnaðarliða.

Tafla 15- Kökurit með kostnaðarliðum



Frekari upplýsingar um fjármál og rekstur er að finna í ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og aðalfundargögnum.

9. Lokaorð

Árið 2012 var á margan hátt viðburðaríkt og gott starfsár og fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Nýr starfsmaður gekk til liðs við okkur auk þess sem starfsemin flutti í nýtt húsnæði. Rekstarumhverfi heilbrigðiseftirlitsins hefur verið mjög stöðugt gegnum árin og þegar starfsaldur er að meðaltali 9 ár telst það til verulegra viðburða að fá nýjan liðsmann í hópinn. Jafnframt hefur starfsemi heilbrigðiseftirlitsins ætíð verið undir sama þaki og skrifstofa SASS. Því er það stórviðburður í lífi stofnunar að „flytja að heiman“. Það var þó farsælt skref ef mat er lagt á skilvirkni, vinnuumhverfi, liðsheild og hagkvæmni fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Það er von okkar að þessi ársskýrsla gefi góða mynd af verkefnum og rekstri stofnunarinnar. Alltaf er þó hægt að bæta sig og er aukin áhersla á rafræna stjórnsýslu ein leiðin til þess. Á þeirri vegferð mun heimasíða Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.heilbrigdiseftirlitid.is, verða virkjuð til betri nota í þágu notenda hennar.

Að lokum þökkum við fyrirtækjum, stofnunum, sveitarfélögum og almenningi gott samstarf á árinu og hlökkum til að takast saman á við verkefni nýs árs.

Með samvinnu getum við unnið að heilnæmari lífsskilyrðum og verndað þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.

Selfossi, janúar 2013,

Elsa Ingjaldsdóttir